

Ár 2007, fimmtudaginn 29. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að leiðrétta laun forstjóra heilsugæslustöðvanna Borgarnesi, Grundarfirði, Ólafsvík og Dalvík

I.

Hinn 14. júní 2007 ákvað kjararáð almenna breytingu á launum þeirra sem undir ráðið heyra samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð. Sú breyting fól í sér að laun embættismanna hækkuðu almennt um þrjá launaflokka, en einingum fyrir yfirvinnu og álag fækkaði um sjö. Forstjórar heilsugæslustöðvanna Grundarfirði, Ólafsvík og Dalvík fengu fyrir breytingu greiddar fimm einingar til viðbótar við mánaðarlaun, en við breytinguna hækkuðu laun þeirra um tvo launaflokka en einingar féllu niður. Laun forstjórans í Borgarnesi, sem áður fékk greiddar tíu einingar á mánuði hækkuðu um þrjá launaflokka en einingum fækkaði um sjö. Þessir forstjórar eru ekki skipaðir í fullt starf en einingar til þeirra voru greiddar óháð starfshlutfalli. Heildarlaun þeirra lækkuðu því við breytinguna í stað þess að hækka. Kjararáð hefur því ákveðið að leiðrétta laun þessara forstjóra þannig að tekin verði aftur lækking sem varð við fyrirnefndan úrskurð.

Forstjórar heilsugæslustöðvanna Grundarfirði og Dalvík eru í 50% starfi en forstjórar heilsugæslustöðvanna Borgarnesi og Ólafsvík eru í 75% starfi.

II.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2007 skulu laun neðangreindra forstjóra vera sem hér segir:

Greiða skal forstjórum heilsugæslustöðvanna Ólafsvík, Grundarfirði og Dalvík mánaðarlaun samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 124, nú 444.364 krónur. Forstjóra heilsugæslustöðvarinnar Borgarnesi skal greiða samkvæmt 125. launaflokki sömu launatöflu. Að auki skal greiða honum 3 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Mánaðarlaun skulu greidd miðað við starfshlutfall en einingar forstjórans í Borgarnesi skulu vera óháðar starfshlutfalli.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð ákveði það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóranna gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir